

**AUGLÝSING****um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á byggingasamþykktum.**

Samkvæmt lögum nr. 19 20. okt. 1905, um byggingarsamþykktir, sbr. lög nr. 84 16. des. 1943, um breytingar á þeim lögum, og skipulagslög nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið í dag staðfest byggingasamþykktir fyrir eftirgreind sveitarfélög:

1. Eyrarhreppi, Snæfellsnessýslu.
2. Búðahrepp í Suður-Múlasýslu.
3. Mosfellshreppi í Kjósarsýslu.

Byggingasamþykkt þessi er í samræmi við fyrirmynd að byggingasamþykkt fyrir skipulagsskylda staði utan Reykjavíkur, sem birt er með auglýsingu nr. 23 14. febrúar 1967 í B-deild Stjórnartíðinda.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. október 1968.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

Nr. 281.

6. nóvember 1968.

**AUGLÝSING****um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á byggingasamþykktum.**

Samkvæmt lögum nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúða í kaupstöðum og kauptúnum, hefur ráðuneytið staðfest þessa samþykkt fyrir byggingarsamvinnufélög:

73. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélagið Lund, Akureyri. Staðfest 11. október 1968.

*Félagsmálaráðuneytið, 6. nóvember 1968.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

Nr. 282.

31. október 1968.

**REGLUGERÐ****um breytingu á reglugerð nr. 118 9. september 1954,  
um sölu og veitingar áfengis.**

8. gr. orðist svo:

1. gr.

Veitingastað skal heimilt að leggja allt að 40% á kaupverð hans á áfengi, þegar neytendum er selt vín á hálfum eða heilum flöskum. Auk þess má veitingahús hækka verðið um allt að 50% frá þessu verði, þegar sala fer fram á minni skömmtum. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins skal semja verðskrá yfir útsöluverð áfengis á veitingastað, sem gestir eiga aðgang að.